Grænt letur = nýr texti
Rautt letur = Texti fellur brott
Svart letur = Óbreyttur texti

Þingskjal nr. 21

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Íslandsmót um þátttökurétt á Íslandsmóti.

a. Breytingartillaga við gr. 3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Keppnisárangur skal nást á sama ári og Íslandsmót er haldið. Keppnisárangur er gildur frá löglegum fimm dómara mótum, staðfestur í mótaskýrslu, og skal árangur keppnispars miðast við annan mánudag áður en keppni hefst á Íslandsmóti.

b. *Breytingartillaga við gr. 3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti*

~~Keppnisárangur skal nást á sama ári og Íslandsmót er haldið.~~ Keppnisárangur er gildur frá löglegum mótum, staðfestur í mótaskýrslu og skal árangur keppnispars miðast við ~~upphafsdagsetningu Íslandsmóts árið á undan og til~~ árangur frá almanksárinu áður og til annars~~n~~ mánudags áður en keppni hefst á Íslandsmóti.

Greini orðist svo:

Keppnisárangur er gildur frá löglegum fimm dómara mótum, staðfestur í mótaskýrslu og skal árangur keppnispars miðast við árangur frá almanksárinu áður og til annars~~n~~ mánudags áður en keppni hefst á Íslandsmóti.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt með ofangreindum breytingum.

Þingskjal nr. 18

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglugerð um Landsmót.

Breytingartillaga við gr. 4 Keppnisgreinar Landsmóta og fjórðungsmóta

Á Landsmótum og fjórðungsmótum skal m.a. fara fram keppni úrvals gæðinga í öllum flokkum svo og keppni úrvalstöltara. Þá skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar. Í keppni og sýningum skal farið eftir reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Keppnisréttur í tölti á Lands- og fjórðungsmótum vinnst eingöngu í keppni í T1 á löglegum fimm dómara mótum, staðfestur í mótaskýrslu og skal árangur miðast við keppnisárið.

[….]

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 22

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um Íslandsmót, við bætist ný grein um verðlaun.

Við bætist ný grein er verður 8. gr. Verðlaun

- ~~Merki LH skal vera á öllum verðlaunum~~
- Í hringvallasgreinum skal afhenda verðlaunagrip ~~bikara~~ fyrir fyrstu þrjú sætin og að lágmarki verðlaunapening fyrir sæti 4-10 séu B úrslit haldin, annars fyrir sæti 4-6.
- Í skeiðgreinum skal afhenda verðlaunagrip ~~bikara~~ fyrir fyrstu þrjú sætin og að lágmarki verðlaunapening fyrir sæti 4-6. Séu keppendur í grein fleiri en 20 skal verðlauna fyrir sæti 7-10.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt með ofangreindum breytingum.

Þingskjal nr. 23

Flytjandi milliþinganefnd um Íslandsmót

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um Íslandsmót.

Breytingartillaga við gr. 4 Auglýsing og skráningar

Íslandsmót skal auglýsa fyrir 1. maí ár hvert. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu. Skráningu skal ljúka ~~6~~ 7 dögum áður en mót hefst. ~~5~~ 6 dögum áður en mót hefst skulu allar skráningar staðfestar. Birta skal drög að dagskrá (hvaða greinar verða hvaða dag) 6 dögum áður en mót hefst og 3 dögum áður en mót hefst skal birta tímasetta dagskrá og ráslista.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 24

Flytjandi milliþinganefnd um Íslandsmót

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um Íslandsmót.

Breytingartillaga við gr. 7 Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna er skylt að halda B-úrslit í hringvallagreinum, þ.e. keppni um 6. til 10. sæti. Á Íslandsmóti barna og unglinga er ~~það skylda,~~ skylt að halda B-úrslit í íþróttakeppni ef skráningar eru 20 eða fleiri og í gæðingakeppni ef skráningar eru 25 eða fleiri, þ.e. keppni um 8. til 15. sæti. Sigurvegari í B-úrslitum vinnur sér rétt til að keppa í A-úrslitum.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 25

Flytjandi milliþinganefnd um Íslandsmót

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um Íslandsmót.

Breytingartillaga við gr. 6 Skipun dómara

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, fyrir íþróttakeppnisgreinar eftir tillögum frá HÍDÍ og fyrir gæðingakeppnisgreinar eftir tillögum frá GDLH. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 26

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um Íslandsmót.

Breytingartillaga við gr. 1 Ákvörðun um staðsetningu og dagsetningu

Dagsetning Íslandsmóta er ákveðin með hliðsjón af landsmóti og heimsmeistaramótum hverju sinni. Halda skal Íslandsmót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglinga hins vegar í sitt hvoru lagi. Heimilt er að halda Íslandsmót ungmenna með Íslandsmóti barna og unglinga ef sérstakar aðstæður eru uppi. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna skal vera WorldRanking.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði felld.

Þingskjal nr. 27

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hverageröi 30. og 31. október 2026, samþykkir reglur um áhugamannaflokk í gæðingakeppni sem verður hluti af Reglum um gæðingakeppni.

Ný grein sem verður gr. 11.

11 Reglugerð LH um gæðingakeppni í áhugamannaflokki

11.1 Keppendur í áhugamannaflokki

Áhugamannaflokkur er hugsaður fyrir minna vant keppnisfólk.

Í áhugamannaflokki er það ekki hesturinn, heldur knapinn, sem vinnur til verðlauna. Keppandi í áhugamannaflokki getur ekki fengið annan knapa í sinn stað.

11.2 Keppnishesturinn í áhugamannaflokki

Keppandi í áhugamannaflokki má ekki mæta til keppni með hest sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi áhugamaður fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Ekki er heimilt að fá annan knapa á hest sem hefur tryggt sér sæti í úrslitum.

Í áhugamannaflokki keppir keppnisparið fyrir félag knapa óháð félagsaðild hesteiganda. Keppnishestur í áhugamannaflokki getur aðeins keppt fyrir eitt félag á hverju almanaksári.

11.3 Einkunnir í áhugamannaflokki

Sjá grein 5 Reglugerð LH um einkunnaútreikning í gæðingakeppni.

11.4 Verkefni í áhugamannaflokki

Sjá grein 5.2 Verkefni.

11.5 Keppnisréttur í úrslitum í áhugamannaflokki

Á félagsmótum skulu þeir keppendur, sem hæstar einkunnir hafa hlotið í forkeppni, koma aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð keppenda í úrslitakeppninni. Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir knapar og verðlaun eiga að hljóta.

Framkvæmdanefnd sér um að allir keppendur beri greinileg númer á báðum hliðum t.d. á stígvélum. Mótshaldarar hafa heimild til að hafa bæði A og B úrslit í öllum flokkum.

Efstu fimm til átta keppendur í forkeppni vinna sér sæti í úrslitum sem kölluð eru A úrslit. Sé þátttaka nægileg getur mótshaldari skipulagt önnur úrslit (6.-10. eða 8.-15. sæti) sem nefnd eru B úrslit.

Forfallist keppnispar, öðlast fyrsta varakeppnispar úr forkeppninni þátttökurétt.

Efsta keppnispar í B-úrslitum fær keppnisrétt í A-úrslitum. Ákveði efsta keppnispar í B-úrslitum að taka ekki þátt í A-úrslitum getur enginn annar komið í hans stað.

11.6 Framkvæmd úrslitakeppni í áhugamannflokki

Sjá grein 6.2 Framkvæmd úrslitakeppni

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 28

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hverageröi 30. og 31. október 2026, ályktar að beina því til Sportnefndar FEIF að bæta við bæta við styrkleika skiptingu í fullorðins flokki í gæðingakeppni, bæði í A- og B-flokki í (GK) Reglur um gæðingakeppni.

Regla 3.1.1 styrkleikaskipting í fullorðins flokki í A- og B-flokki

Gæðingaflokkur 1

Ætlaður fyrir alla þá sem keppa á efsta styrkleikastigi / meistaraflokki og alla aðra sem vilja spreyta sig við þá bestu.

Gæðingaflokkur 2

Ætlaður fyrir þá sem ekki keppa á efsta styrkleikastigi/meistaraflokki og minna vana keppnisknapa.

Hér er knapinn að keppa ekki hesturinn.

Komi knapi tveimur eða fleirum hestum í úrslit skal knapi velja þann hest sem hann vill keppa á í úrslitum.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði felld.

Þingskjal nr. 29

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hverageröi 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglum um gæðingakeppni, gr. 7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum.

7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum

Keppandi í barna- unglinga- og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Hestur sem tekur þátt í A-flokki ungmennaflokki getur ekki tekið þátt í neinum B flokki eða C flokki á sama móti. Hestur sem tekur þatt í B-flokki ungmenna getur ekki tekið þátt í neinum A flokki eða C flokki á sama móti.

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmenni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum.

Í barna-, unglinga- og ungmennaflokki keppir keppnisparið fyrir félag knapa, óháð félagsaðild hesteiganda. Keppnishestur í barna-, unglinga- og ungmennaflokki getur aðeins keppt fyrir eitt félag á hverju almanaksári.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 30

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi breytingu á Reglum um gæðingakeppni. Breytingin felur í sér að þegar fimm dómarar dæma fellur hæsta og lægsta einkunn út.

Breytingartillaga a. við gr. 5.1 Reikniregla um uppgjör dómara

Dómarar birti einkunnir með 2 aukastöfum þegar aðaleinkunn er birt og skal meðaleinkunn keppenda birt þannig. Reikna skal einkunn og gera út um sætaröðum með þriðja aukastaf. Þessi regla gildir um alla flokka gæðingakeppninnar.

Þegar 5 dómarar dæma er hæsta og lægsta einkunn strikuð út.

Breytingartillaga b.

Eftirfarandi setning fellur brott allsstaðar þar sem hún kemur fyrir í reglugerðinni:

Séu allar einkunnir lesnar upp [...] séu fimm dómarara að dæma.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Þingskjal nr. 31

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hverageröi 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglum um gæðingakeppni, þar sem fleiri en einn eru inn á og keppni er stjórnað af þul, þ.e. í sérstakri forkeppni og úrslitum, og talað er um „allt að tveimur hringjum“ verði breytt í „allt að einum og hálfum hring“.

a. Breytingartillaga við gr. 6.2 Framkvæmd úrslita keppni

Hestunum er riðið samtímis, með ákveðnu millibili, í dómhring.

Þulur ~~Stjórnandi~~ segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur nema í skeiði í A-flokki.

Þulur gætir þess að hraðasti hestur fari að hámarki einn og hálfan hring, sem nemur þremur langhliðum á hvora hönd. Á sama tíma þarf að gæta þess að hægasti hestur, fari að lágmarki tvær langhliðar á hvora hönd.

Þulur skal halda fullri athygli og tryggja að jafnræðis sé gætt, engum hesti sé ofgert um leið og allir fái lágmarkstækifæri til að sýna það sem í þeim býr.

Þulur ~~Stjórnandi~~ skal gæta þess að þegar skipt er um hönd á brokki í unglingaflokki, A- og B-flokki ungmenna og A- og B-flokki fullorðinna skal gefa einnar mínútu hvíld. Þegar skipt er um hönd á yfirferðargangi skal gefa tveggja mínútna hvíld.

Í A og B flokki og ungmennaflokki er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir fegurð í reið og vilja, hvort fyrir sig.

Í unglingaflokki er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu.

Í barnaflokki er gefin einkunn á milli gangtegunda ásamt einkunn fyrir stjórnun og ásetu, hvort fyrir sig, fyrir hvern keppanda.

Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinilega merkingu á báðum hliðum, t.d. á stígvélum eða upphandlegg.

b. Breytingartillaga við gr 6.2.1 Alhliða hestar – A-flokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ til hvorrar handar.
- Sýna skal brokk allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ til hvorrar handar.
- Sýna skal tvo skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.

c. Breytingartillaga við gr 6.2.2 Klárhestar með tölti – B-flokkur

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal hægt tölt, allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ til hvorrar handar.
- Sýna skal brokk, allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ til hvorrar handar.

- Þá skal sýna greitt tölt á langhliðum, allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Þegar skipt er um hönd á brokki skal gert hlé í eina mínútu og þegar skipt eru um hönd á greiðu tölti skal gert hlé í tvær mínútur. Í hléunum skula knapar láta hesta sína feta og bíða frekari fyrirmæla.

d. Breytingartillaga við gr 7.6 Framkvæmd úrslita í yngri flokkum

Hestunum er riðið samtímis, en með ákveðnu millibili, í dóm.

~~Stjórnandi~~ Þulur segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur.

Þulur gætir þess að hraðasti hestur fari að hámarki einn og hálfan hring, sem nemur þremur langhliðum á hvora hönd. Á sama tíma þarf að gæta þess að hægasti hestur, fari að lágmarki tvær langhliðar á hvora hönd.

Þulur skal halda fullri athygli og tryggja að jafnræðis sé gætt, engum hesti sé ofgert um leið og allir fái lágmarkstækifæri til að sýna það sem í þeim býr.

e. Breytingartillaga við gr 7.6.1 Úrslitakeppni barnaflokkur

Tölt og/eða brokk skal sýna ~~minnst~~ allt að tvo hringi til hvorrar handar. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð. Stökk skal sýna tvo spretti, einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurhægingu. Keppendur safnist saman á skammhlið og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvora áttina ríða skal.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og fyrir stjórnun og ásetu.

f. Breytingartillaga við gr 7.6.2 Úrslitakeppni - unglingaflokkur

Hægt tölt, brokk, yfirferð á langhliðum, annað hvort tölt eða brokk. ~~Minnst tvo~~ Að hámarki einn og hálfan hring~~i~~ til hvorrar handar. Í báðum flokkum skal meta ásetu í úrslitakeppni.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu. Stjórnun og áseta í unglingaflokki gildir eins og ein gangtegund.

g. *Breytingartillaga við gr 7.6.3 Úrslitakeppni – B flokkur ungmenna*

Hægt tölt, brokk, greitt tölt á langhliðum. ~~Minnst tveir~~ Að hámarki einn og hálfan hring~~i~~ til hvorrar handar.

Í ungmennaflokki er gefin einkunn eftir hverja gangtegund fyrir hvern keppanda og í lokin fyrri fegurð í reið og vilja, hvort fyrir sig.

h. Breytingartillaga við gr 7.6.4. Úrslitakeppni – A flokkur ungmenna

Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hringj~~um~~ til hvorrar handar.
- Sýna skal brokk allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hringj~~um~~ til hvorrar handar.
- Sýna skal tvo skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.

i. Breytingartillaga við gr 8.1 Sérstök forkeppni

Sérstök forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að allt að þrír hestar eru í dómi á hringvellinum í einu. Til að hljóta meðaleinkunn eða meira skal sýna að lágmarki tvær langhliðar á hverri gangtegund sem beðið er um, fyrir utan skeið.

Þulur segir til um í samræmi við reglur hvaða atriði ber að sýna hverju sinni. Hann skal sjá um að jafnt sé riðið á báðar hendur.

Þulur gætir þess að hraðasti hestur fari að hámarki einn og hálfan hring, sem nemur þremur langhliðum á hvora hönd. Á sama tíma þarf að gæta þess að hægasti hestur, fari að lágmarki tvær langhliðar á hvora hönd.

Þulur skal halda fullri athygli og tryggja að jafnræðis sé gætt, engum hesti sé ofgert um leið og allir fái lágmarkstækifæri til að sýna það sem í þeim býr.

j. Breytingartillaga við gr 8.1.1 B-Flokkur gæðinga

Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu.

- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ hægt tölt
- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ brokk frjáls hraði
- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ greitt tölt á langhliðum
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 7

k. Breytingartillaga við gr 8.1.2 A-Flokkur gæðinga

Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu.

- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ tölt x 2
- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ frjáls hraði
- Ein umferð skeið, einn og einn í einu x 2
- Vilji x 2
- Fegurð í reið x 2
- Deilitala fyrir dómara er 9

l. Breytingartillaga við gr 8.1.4 Unglingaflokkur

Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu

- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ hægt tölt
- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ brokk frjáls hraði
- Allt að einum og hálfum hring ~~tveimur umferðum~~ yfirferðargangur á langhliðum, annað hvort tölt eða brokk
- Stjórnun og áseta
- Deilitala fyrir dómara er 4

m. Breytingartillaga við gr 8.1.5 Ungmennaflokkur

Þrír til fimm hestar inni á hringvellinum í einu

- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ hægt tölt

- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ brokk, frjáls hraði
- Allt að ~~tveim~~ einum og hálfum hring~~jum~~ greitt tölt á langhliðum
- Fegurð í reið
- Vilji
- Deilitala fyrir dómara er 5

Meirihluti keppnisnefndar er samþykkur því að minnka reið í úrslitum og sérstakri forkeppni í gæðingakeppni.

Keppnisnefnd Landsþings leggur til að tillagan verði felld.

Jafnframt verði keppnisnefnd LH falið að ákvarða um tíma (feif timer) fyrir lengd reiðar í úrslitum og sérstakri forkeppni út frá gögnum. Keppnisnefnd LH gefur út tímaviðmið fyrir keppnistímabil 2027 (apríl).

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Þingskjal nr. 32

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglum um gæðingakeppni um framkvæmd keppni.

Breytingartillaga við gr. 4.1 um framkvæmd keppni, 3. mgr.

Keppanda er frjálst að sýna gangtegundir í þeirri röð sem hann kýs. Hann ræður upp á hvora höndina hann hefur keppni og má skipta einu sinni um hönd í sýningu, þá á skammhlið. Keppandi hefur 3 hringi til umráða, þ.e. 6 langhliðar. Í A flokki er heimilt að nota beinu brautina einu sinni, í stað einnar langhliðar á hringvelli. Endi knapi sýningu á beinni braut, skal hann eftir 2,5 hring, enda hringvallarsýninguna á skammhlið og ríða svo ferjuleið út á enda beinu brautarinnar. Noti sýnandi beina braut áður en hann hefur lokið 2,5 hringjum á hringvelli, fer hann af miðri skammhlið, ferjuleið á enda beinnar brautar. Eftir að hafa farið beinu brautina ber honum að ríða inn á hringvöllinn ferjuleið á næstu skammhlið og ljúka svo sýningu á skammhlið. ~~Óheimilt er að ríða baug á ferjuleið nema við hlið þegar farið er út af hringvellinum.~~ Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik. Endi keppandi sýningu á beinni braut, endar hann sýninguna við enda beinu brautarinnar. Knapi skal gefa til kynna með greinilegri höfuðhreyfingu að hann hafi lokið keppni.

Eftir að hafa lokið síðasta sýningaratriði verður knapi að hafa hægt á hesti sínum niður á fet fyrir miðja næstu langhlið. Riðið skal stystu leið út af hringvellinum, að teknu tilliti til þess hvar hestur er kominn niður á fet eftir sýningu. Farið af hringvelli út um hlið, knapa er heimilt að ríða hesti sínum í baug þar sem farið er út af hringvellinum að lokinni sýningu.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt með ofangreindum breytingum.

Þingskjal nr. 33

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hverageði 30. og 31. október 2026, samþykkir nýja keppnisgrein í Reglum um gæðingakeppni, Gæðingavekurð.

Ný gr. er verður gr. 10 Gæðingavekurð (GK – skeið)

10 Reglur um gæðingavekurð

10.1 Gæðingavekurð – fullorðinsflokkur

Keppni í gæðingavekurð fer fram á beinni braut og er dæmd á sama hátt og skeið í A flokki, sjá gr. 2.7. Sýningu er stjórnað af þul og er rásröð sú sama í fyrri og seinni spretti. Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að 5 er grunntala, þ.e. lægsta tala í einkunnagjöf og jafngildir því núlli. Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

	Atriði	Einkunn	Vægi
1.	Skeið	5-10	1
2.	Vilji	5-10	1
3.	Fegurð í reið	5-10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppenda er 3. Þrír eða fimm dómarar dæma.

Riðnir eru tveir sprettir og gildir betri sprettur til sætaröðunar. Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í efsta sæti eftir báða spretti skulu dómarar sýna röðun byggða á einkunnum sem þeir gáfu áður. Einungis má sýna fyrsta sætið einu sinni. Ef hestar eru jafnir í öðru sæti en því fyrsta, deila þeir með sér sætinu. Hlutkesti ræður úthlutun verðlauna.

10.2 Gæðingavekurð – ungmennaflokkur

Keppni í gæðingavekurð ungmennaflokki fer fram á sama hátt og í fullorðinsflokki, sjá gr. 10.1.

10.3 Gæðingavekurð – unglingaflokkur

Keppni í gæðingavekurð unglingaflokki fer fram á sama hátt og í fullorðinsflokki, sjá gr. 10.1. Börn mega taka þátt í Gæðingavekurð unglingaflokki.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 34

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á íslenskum sérreglum um keppni í reglum um mótahald á Íslandi.

Við bætist ný grein er verður gr. 5.9 Búnaðarskoðun

Á öllum löglegum mótum er skylt að framkvæma búnaðarskoðun á öllum hestum sem taka þátt í forkeppni og úrslitum og lesið skal af örmerki.

Mótshaldarar þurfa að tryggja nægilegt starfsfólk í búnaðarskoðun til að nægur tími gefist fyrir skoðunina. Þörf er á fleira starfsfólki við fótaskoðun í skeiðgreinum og í úrslitum.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði felld.

Þingskjal nr. 14

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að koma því í samninga um Landsmót og Íslandsmót að öll hross fari í fótaskoðun á Íslandsmótum, Landsmótum og Fjórðungsmótum. Í framhaldinu að koma því í reglugerðir um Landsmót, Íslandsmót og Fjórðungsmót.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði felld.

Þingskjal nr. 35

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir breytingu á Reglugerð um dómara í hestaíþróttum í reglum um mótahald á Íslandi.

Breytingartillaga við gr. 3.3 Skipun dómara á mót

Dómaranefnd ber ábyrgð á skipun dómara á mót. Aðildarfélög LH sækja um dómara á lögleg mót til Dómaranefndar LH í síðasta lagi 7 dögum fyrir upphaf móts. Á mót, þar sem skráningar eru fleiri en 350, skal skipa sex dómara alls, fimm sem dæma og að auki einn sem gegnir stöðu yfirdómara.

Dómaranefnd hefur heimild til að fela Hestaíþróttadómarafélagi Íslands og Gæðingadómarafélagi LH úthlutun dómara á mót.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 16

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hverageröi 30. og 31. október 2026, ályktar að beina því til Sportnefndar FEIF að bæta við reglu um uppfærða rásröð í Reglur um íþróttakeppni.

Í1.3.1 Uppfærð rásröð

Ef mikil afskráning er í keppnisgreinum þar sem keppt er í hollum og riðið eftir þul hafa mótshaldarar leyfi að sameina í holl ef knapar eru orðnir einir í holli og með samþykki viðkomandi knapa. Uppfærð rásröð verður að birta eigi síðar en tveimur tímum fyrir eða sama tíma og afskráningarfrestur lýkur. Ekki má breyta annarri tímasettri dagskrá.

Keppnisnefnd Landsþings leggur til að tillögunni verði vísað til keppnisnefndar LH.

Þingskjal nr. 36

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir fella niður Reglugerð um Áhugamannamót Íslands í heild sinni og verður reglugerðin ekki hluti af regluverki LH.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 12

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að beita sér fyrir því að þeir dómarar sem eru yfirdómarar á mótum hérlendis hafi aukna þekkingu til að gegna því hlutverki.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði felld.

Þingskjal nr. 13

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir keppnisnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að fylgjast með reglugerðarbreytingum í skeiðkappreiðum. Passa upp á að æskileg hvíld sé milli spretta, ekki of stutt og ekki of löng, einnig að hugað verði vel að allri velferð skeiðhesta í kappreiðum.

Keppnisnefnd þingsins leggur til að tillagan verði samþykkt.